

## **ÍSL 532 Gæðabókmenntir**

**Haustönn 2012**

### **Undanfari ÍSL 522**

Kennari: Stefán Þór Sæmundsson stefan@ma.is

#### **Áfangalýsing**

Þessi áfangi byggist á sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda og skipulagshæfni þeirra og gengur út á lestur valinna gæðabókmennta og greiningu á þeim. Nemendur lesa eina sameiginlega skáldsögu og velja af lista eða eigin hvötum eina ljóðabók, tvær stórar skáldsögur og loks gera þeir ritgerð um trílógíu eða samanburð á 2-3 skyldum bókum.

#### **Markmið**

Nemandinn þjálfist í lestri bóka og geti fjallað um þær í viðtali við kennara, gert munnlega grein fyrir efni þeirra og innihaldi, gægst undir yfirborðið og túlkað innri merkingu þeirra í ræðu og riti.

#### **Námsmat**

Líkt og í Yndislestri lesa nemendur bækur, skrifa skýrslu og gera grein fyrir lestrarreynslu sinni í viðtali við kennara. Þetta eru munnleg próf sem nemendur þurfa að standast til að áfanginn verði metinn. Nemendur skila einnig skriflegri skýrslu fyrir hverja bók (eyðublað verður sett á moodle). Hún þarf að berast kennara degi fyrir viðtalið, inn á moodle.

Sameiginlega bókin byggist annars vegar á hópumræðum á moodle og einstaklingsviðtali. Þá er ein ritgerð/fyrirlestur um samanburð á bókum eða trílógíu höfundar.

#### **Námskröfur**

Sameiginleg bók gildir 15%, viðtöl og skýrsla um 3 bækur, þar af eina ljóðabók, 20% hver og ritgerð eða fyrirlestur um trílógíu eða samanburð á bókum Hver bók/umfjöllun gildir 25% af heildareinkunn.

Nemendur gera grein fyrir vali sínu á moodle og bera sjálfstætt val undir kennarann. Dagsetningar á viðtölum verða ákveðnar af kennara og birtar á moodle. Meirihluti nemenda ákveður sameiginlega bók.

#### **Sameiginleg bók**

Jarðnæði e. Oddnýju Eir Ævarsdóttur eða

Bankster e. Guðmund Óskarsson eða

Heimkoman e. Björn Þorláksson

## **Trilógjur**

Himnaríki og helvíti, Harmur englanna og Hjarta mannsins e. Jón Kalman Stefánsson  
Gangvirkið, Drekar og smáfuglar og Seiður og hélog e. Ólaf Jóhann Sigurðsson  
Tröllakirkja, Blóðakur og Vetrarferðin e. Ólaf Gunnarsson  
Djöflaeyjan, Gulleyjan og Fyrirheitna landið e. Einar Kárason  
Riddarar hringstigans, Vængjasláttur í þakrennum, Eftirmáli regndropanna e. Einar Má Guðmundsson  
Myndin af heiminum, Leiðin til Rómar og Vélar tímans e. Pétur Gunnarsson  
Fjallkirkjan (I-III) e. Gunnar Gunnarsson

Eða samanburður á skyldum bókum eftir sama höfund eða mismunandi höfunda, t.d. þematengdur samanburður eða tímabilatengdur.

## **Erlend stórvirki**

Skuggi vindsins e. Carlos Ruiz Zafón  
Þrúgur reiðinnar e. John Steinbeck  
Fávittinn e. Fjodor Dostojevskíj  
Stríð og friður e. Lev Tolstoj  
Hús andanna e. Isabel Allende  
Hálfróðirinn e. Lars Saaby Christensen  
Grasið syngur e. Doris Lessing  
Óvinir - ástarsaga e. Isac B. Singer

Fleiri koma til greina.

## **Ljóðabækur**

Gyrðir Elíasson, Gerður Kristný, Ingibjörg Haraldsdóttir, Þorsteinn frá Hamri, Sigurbjörg Þrastardóttir, Hannes Pétursson, Steinn Steinarr, Elísabet Jökulsdóttir, Sigurður Pálsson, Ísak Harðarson, Davíð Stefánsson, Jóhann Sigurjónsson, Jóhannes úr Kötlum, Kristján frá Djúpalæk, Vilborg Dagbjartsdóttir.

## **Ýmsar skáldsögur (eða smásagnasöfn)**

Einar H. Kvaran, Halldór Laxness, Halldór Stefánsson, Gunnar Gunnarsson, Thor Vilhjálmsson, Guðbergur Bergsson, Svava Jakosdóttir, Jakobína Sigurðardóttir, Vigdís Grímsdóttir, Hallgrímur Helgason, Bragi Ólafsson, Kristín Marja Baldursdóttir, Gyrðir Elíasson, Jón Kalman Stefánsson, Guðrún Eva Mínervudóttir, Steinunn Sigurðardóttir, Auður Ava Ólafsdóttir, Auður Jónsdóttir, Andri Snær Magnason, Guðmundur Andri Thorsson, Þórarinn Eldjárn, Steinar Bragi, Ólafur Haukur Símonarson, Böðvar Guðmundsson, Sjón, ath. Nóbelsverðlaunahafa í bókmenntum [http://is.wikipedia.org/wiki/N%C3%B3belsver%C3%B0laun\\_%C3%AD\\_b%C3%B3kmenntum](http://is.wikipedia.org/wiki/N%C3%B3belsver%C3%B0laun_%C3%AD_b%C3%B3kmenntum)